

Námsmat í GRV

Námsmat nemenda í 1. - 4. bekk er þannig að í öllum greinum eru hæfniviðmið skilgreind í Mentor en engar sérstakar einkunnir gefnar fyrir hverja grein. Nemendur munu fá vitnisburð um hvort **hæfni sé náð**, hvort þeir séu á **góðri leið**, hvort þeir **þarfnast þjálfunar** í greininni eða **hæfni sé ekki náð**. Einnig er hægt að gefa nemendum **frammúrskarandi**.

-  Framúrskarandi
-  Hæfni náð
-  Á góðri leið
-  Þarfnast þjálfunar
-  Hæfni ekki náð

Námsmat nemenda í 5. -7. bekk er þannig að í öllum greinum eru hæfniviðmið skilgreind í Mentor og námsmat gefið í í bókstöfum.

Námsmat í 8. -10. bekk verður í bókstöfum, eftir matsviðmiðum Aðalnámskrár fyrir 8. -10. bekk. Gefnar verða einkunnir **A, B+, B, C+, C, D** en í einstaka valgreinum verður gefið **lokið/ólókið**.

Einkunnin **B** þýðir að nemandi býr að nær öllu leyti yfir þeirri hæfni sem stefnt er að.

Einkunnina **A** fær nemandi:




- Fyrir að sýna framúrskarandi hæfni með dýpkun eða skapandi nálgun í nokkrum þáttum náms.
- Fyrir að sýna mjög mikinn stöðugleika og öryggi í námi.

Einkunnin **C** þýðir að nemandinn hefur almennt ekki náð tökum á þeirri hæfni sem stefnt er að en er þó á góðri leið.


Einkunnin **D** þýðir að nemandinn hefur að mjög litlu leyti náð þeirri hæfni sem stefnt er að og talsvert vantar þar uppá.

Skólum er heimilt að gefa einkunnirnar **B+** eða **C+** ef frammistaða nemenda nær ekki fyllilega viðmiðum fyrir einkunnirnar A og B.

Nemendur hafa verið metnir jafnt og þétt allt skólaárið. Matið byggir á umræðum, frammistöðu í tímum, verkefnum, könnunum og prófum.

-  A A
-  B+ B+
-  B B
-  C+ C+
-  C C
-  D D

Til að skoða námsmat nemenda þarf að fara inn á Mentor og smella þar á „flísina“ **námsmat**



Þar kemur svo yfirlit yfir þær námsgreinar sem nemandinn er í og með því að smella á „námsgreinina“ er bæði hægt að sjá einkunnir fyrir þau **verkefni** sem nemandinn hefur unnið og skoða **hæfnikort** nemandans. Hæfnikortið sýnir hvaða hæfni nemandi þarf að ná til að fá ákveðna lokaeinkunn.

Hér má finna mjög gott skýringarmyndband frá Mentor um hvernig skoða má námsmatið á Mentor. <https://www.youtube.com/watch?v=cKCW5q-QZ8>